

16. marz þ. á., samkvæmt lögum 11. febrúar 1871, sbr. 3. gr. dansk-íslenzka sambandslaga, höfðum falið bróðir Vorum elskulegum, hans konunglegu tign prins Harald Christian Frederik að hafa á hendi sem ríkisstjóri í fjarvist Vorri. 74  
29. marz

*Gjört á Amalíuborg, 29. marz 1935.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**  
(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

## AUGLÝSING

um að Ísland hafi fullgilt alþjóðasamninga, sem gerðir voru á pósthinginu í Kairo þann 20. marz 1934. 75  
3. apríl

Þann 27. febrúar 1935 voru afhent í skjalasafni utanríkismálaráðuneytisins egypska, í Kairo, fullgildingarskjöl Íslands að eftirtöldum alþjóðasamningum, sem gerðir voru á pósthinginu í Kairo þann 20. marz 1934.

- 1) Alþjóðapóstsamningur,
- 2) Verðbréfasamningur,
- 3) Póstbogglassamningur,
- 4) Póstávisanasamningur,
- 5) Póstinnheimtusamningur.

Samningarnir gengu í gildi þann 1. janúar 1935.

Þetta er hérmeð gert almenningi kunnugt.

*Í ríkisstjórn Íslands, 3. apríl 1935.*

**Haraldur Guðmundsson.**

## KONUNGSBRÉF

um frestun á fundum Alþingis. 76  
4. apríl

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Að Vér viljum hér með, að tilskildu samþykki Alþingis, veita yður sem forsætisráðherra Vorum umboð til þess í Voru nafni

**76**  
4. apríl

að fresta fundum yfirstandandi Alþingis frá því er venjulegum störfum þess verður það langt komið, að ekki þyki ástæða til lengra þinghalds að sinni þar til síðar á árinu, þó ekki lengur en til 10. október næstkomandi.

*Gjört á Amaliuborg, 4. apríl 1935.*

Undir vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**  
(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

**77**  
8. apríl

## L Ö G

um breyting á jarðræktarlögum, nr. 43 20. júní 1923.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

### 1. gr.

Niðurlag 2. gr., orðin „meiri hluta í stjórn þess“ o. s. frv., falli burt. Í þeirra stað komi: annan endurskoðanda að reikningum félagsins og varamann hans.

### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI.

Þá er lög þessi öðlast gildi, falla niður umboð hinna stjórnskipuðu manna í stjórn Búnaðarfélags Íslands, enda hafi búnaðarþingið þá kosið menn í þeirra stað í stjórn félagsins.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amaliuborg, 8. apríl 1935.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**  
(L. S.)

*Hermann Jónasson.*